



## DÓMUR DÓMSTÓLSINS

24. nóvember 2014\*

*(Verðtrygging lána – Tilskipun 87/102/EBE – Neytendalánasamningar – Tilskipun 93/13/EBE – Óréttmætir samningsskilmálar – Ófrávikjanlegir samningsskilmálar)*

Mál E-27/13,

BEIÐNI, samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, frá Héraðsdómi Reykjavíkur, í máli sem þar er rekið

**Sævar Jón Gunnarsson**

gegn

**Landsbankanum hf.**

um túlkun á tilskipun ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán og tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum.

DÓMSTÓLLINN,

skipaður dómurunum Carl Baudenbacher, forseta og framsögumanni, Per Christiansen og Páli Hreinssyni,

dómritari: Gunnar Selvik,

hefur, með tilliti til skriflegra greinargerða frá:

- Stefnanda, Sævari Jóni Gunnarssyni, í fyrirsvari er Bragi Dór Hafþórsson, hdl., sem nýtur aðstoðar Björns Þorra Viktorssonar, hrl.

---

\* Beiðni um ráðgefandi álit á íslensku.

- Stefnnda, Landsbankanum hf., í fyrirsvari er Hulda Árnadóttir, hdl., sem nýtur aðstoðar Helga Þórs Þorsteinssonar, hdl.
- Ríkisstjórn Íslands, í fyrirsvari sem umboðsmenn eru Kristján Andri Stefánsson, sendiherra í utanríkisráðuneytinu og Eiríkur Áki Eggertsson, lögfræðingur hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, auk Andra Árnasonar, hrl., sem nýtur aðstoðar Stefáns Andrews Svenssonar, hrl.
- Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), í fyrirsvari sem umboðsmenn eru Xavier Lewis, framkvæmdastjóri lögfræði- og framkvæmdasviðs, Markus Schneider og Auður Ýr Steinarsdóttir fulltrúar á lögfræði- og framkvæmdasviði.
- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, í fyrirsvari sem umboðsmenn eru Marta Owsiany-Hornung og Nicola Yerrell, hjá lagaskrifstofu framkvæmdastjórnarinnar,

með tilliti til skýrslu framsögumanns,

og munnlegs málflutnings lögmanns stefnanda, Braga Þórs Hafþórssonar, lögmanns stefnda, Huldu Árnadóttur, umboðsmanns ríkisstjórnar Íslands, Stefáns Andrews Svenssonar, fulltrúa ESA, Markus Schneider, og fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar, Nicola Yerrell, sem fram fór 11. júní 2014, kveðið upp svofelldan

## Dóm

### I Löggjöf

#### *EES-réttur*

1 Í 3. gr. EES-samningsins segir:

*Samningsaðilar skulu gera allar viðeigandi almennar eða sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem af samningi þessum leiðir.*

*Þeir skulu varast ráðstafanir sem teftl geta því í tvísýnu að markmiðum samnings þessa verði náð.*

*Þeir skulu enn fremur auðvelda samvinnu innan ramma samnings þessa.*

2 Í 7. gr. EES-samningsins segir:

*Gerðir sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samning þennan, eða ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar, binda samningsaðila og eru þær eða verða teknar upp í landsrétt sem hér segir:*

*(a) gerð sem samsvarar reglugerð EBE skal sem slík tekin upp í landsrétt samningsaðila;*

(b) gerð sem samsvarar tilskipun EBE skal veita yfirvöldum samningsaðila val um form og aðferð við framkvæmdina.

#### Tilskipun 87/102/EBE – Neytendalánatilskipunin

- 3 Tilskipun 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán (Stjtið. ESB 1987 L 42, bls. 48) („neytendalánatilskipunin“ eða „tilskipunin um neytendalán“) var tekin upp í 4. lið XIX. viðauka við EES-samninginn. Sá liður var felldur úr gildi frá og með 12. maí 2010 með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2009 frá 5. febrúar 2009 (Stjtið. ESB 2009 L 73, bls. 53, og EES-bætur 2009 nr. 16, bls. 24). Með sömu ákvörðun var tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánasamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE (Stjtið. ESB 2008 L 133, bls. 66) tekin upp í lið 7h í XIX. viðauka við EES-samninginn.
- 4 Málið sem rekið er fyrir héraðsdómi varðar lánssamning sem undirritaður var á meðan neytendalánatilskipunin (tilskipun 87/102) var í gildi.
- 5 Í 5., 6., 9., 10. og 25. lið formálsorða neytendalánatilskipunarinnar segir:

*Með tilliti til sívaxandi lánveitinga til neytenda innan bandalagsins yrði sameiginlegur neytendalánamarkaður til hagsbóta jafnt fyrir neytendur, lánveitendur, framleiðendur, heildsala og smásala sem og þjónustuaðila.*

*Í áætlunum Efnahagsbandalags Evrópu um stefnumörkun að því er varðar neytendavernd og miðlun upplýsinga til neytenda er meðal annars kveðið á um að vernda skuli neytendur gegn óréttmætum lánskjörum og að hafist skuli handa um samhæfingu á almennum skilyrðum um neytendalán og það mál skuli hafa forgang.*

...

*Rétt er að neytendur fái fullnægjandi upplýsingar um lánskilyrði, lánskostnað og um skuldbindingar sínar. Upplýsingar þessar ættu meðal annars að taka til árlegrar hlutfallstölu lánskostnaðar eða, sé því ekki til að dreifa, heildarupphæðarinnar sem neytandinn þarf að greiða fyrir lánið. Þar til ákvörðun er tekin um aðferð eða aðferðir er beita skuli innan bandalagsins við útreikning á árlegri hlutfallstölu lánskostnaðar ættu aðildarríki að geta haldið sig við gildandi aðferðir eða viðteknar venjur um útreikning þessa hlutfalls eða, sé slíku ekki til að dreifa, að setja ákvæði um hvernig neytendur skuli upplýstir um heildarkostnað við lántöku.*

*Lánsskilmálar kunna að vera neytandanum í óhag. Unnt er að veita neytendum betri vernd með því að samþykkja tilteknar kröfur er gilda skuli um hvers konar lán.*

...

*Ákvæði í tilskipun þessari um tiltekið stig samræmingar á lögum og stjórnisýslufyrirmælum og tiltekið stig neytendaverndar skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríki hafi áfram í gildi eða taki upp strangari ráðstafanir til verndar neytendum, með tilhlýðilegu tilliti til skuldbindinga ríkjanna samkvæmt sáttmálanum.*

6 Í 2. mgr. 1. gr. neytendalánatilskipunarinnar segir:

*Í þessari tilskipun merkir:*

*a) „neytandi“: einstaklingur sem í viðskiptum er tilskipunin tekur til kemur fram í augnamiði sem telja má óskylt starfi hans;*

*b) „lánveitandi“: einstaklingur eða lögaðili sem veitir lán innan ramma starfsemi sinnar eða hópur slíkra einstaklinga;*

*c) „lánssamningur“: samkomulag þar sem lánveitandi veitir eða heitir að veita neytanda lán í formi greiðslufrests, láns eða svipaðrar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu;*

...

*d) „heildarlánskostnaður neytandans“ allan kostnað, að meðtöldum vöxtum og öðrum kostnaði sem neytandinn þarf að greiða fyrir lánið.“*

*e) „árleg hlutfallstala kostnaðar“ heildarkostnað við neytendalán, lýst sem árlegri prósentu af upphæð láns þess sem veitt er og reiknuð út í samræmi við 1. gr. a.“*

7 Í a-lið 1. mgr. 1. gr. a neytendalánatilskipunarinnar segir:

*Árleg hlutfallstala kostnaðar skal vera það sem svarar til núvirðis allra skuldbindinga (lána, endurgreiðslna og kostnaðar), er til kann að koma eða þegar eru fyrir hendi og lánveitandi og lántakandi hafa samið um, og skal reiknað út í samræmi við þá stærðfræðiformúlu sem sett er fram í II. viðauka.*

8 Í 4. mgr. 1. gr. a neytendalánatilskipunarinnar segir:

*a) Árleg hlutfallstala kostnaðar skal reiknuð út á þeim tíma sem lánssamningur er gerður ...*

*b) Við útreikning skal gengið út frá því að lánssamningur gildi umsaminn tíma og að lánveitandi og neytandi standi við skuldbindingar sínar samkvæmt umsömdum skilmálum og á umsömdum gjalddögum.*

9 Í 6. mgr. 1. gr. a neytendalánatilskipunarinnar segir:

*Þegar um er að ræða lánessamninga, sem í eru ákvæði er heimila breytingar á vaxtagjöldum og upphæð eða stigi annars kostnaðar er fellur undir árlega hlutfallstölu kostnaðar en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður, skal reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar á þeirri forsendu að vextir og annar kostnaður verði óbreytanlegur og gildi fram til loka lánessamnings.*

10 Í 4. gr. neytendalánatilskipunarinnar segir:

*1. Lánessamningar skulu gerðir skriflega. Neytandinn skal fá eintak af slíkum skriflegum samningi.*

*2. Í skriflega samningnum skal eftirfarandi koma fram:*

*a) yfirlýsing um árlega hlutfallstölu lánskostnaðar;*

*b) yfirlýsing um það við hvaða aðstæður megi breyta árlegri hlutfallstölu lánskostnaðar.*

*Í því tilviki að ekki er unnt að gefa yfirlýsingu um árlega hlutfallstölu lánskostnaðar, skal veita neytandanum nægjanlegar upplýsingar í skriflega samningnum. Upplýsingar þessar skulu a.m.k. taka til þess sem kveðið er á um í öðrum undirlið 1. mgr. 6. gr.;*

*c) tilgreining upphæðar, fjölda og tíðni eða gjalddaga greiðslna er neytandinn verður að inna af hendi til að endurgreiða lánið, sem og um greiðslur fyrir vexti og annan kostnað. Heildarupphæð þessara greiðslna ætti einnig að tilgreina þar sem unnt er;*

*d) yfirlýsing um þá kostnaðarliði sem segir í 2. mgr. 1. gr. a, að undanteknum kostnaði er tengist því að ekki er staðið við skyldur samkvæmt samningnum, er ekki voru reiknaðar með í árlegri hlutfallstölu kostnaðar en neytandinn verður að greiða við tilteknar aðstæður, ásamt yfirlýsingu um þær aðstæður. Sé nákvæm upphæð þessara liða þekkt skal tilgreina upphæðina en sé ekki um það að ræða skal tilgreina aðferð til útreiknings hennar eða eins nákvæma ágiskun og unnt er.*

...

11 Í 15 gr. neytendalánatilskipunarinnar segir:

*Tilskipun þessi skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríki viðhaldi eða taki upp strangari ákvæði til að vernda neytendur og samrýmast skuldbindingum þeirra samkvæmt sáttmálanum.*

Tilskipun 93/13/EBE – Tilskipunin um óréttmæta samningsskilmála

- 12 Tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum (Stjtið. ESB 1993 L 95, bls. 29) (tilskipunin um óréttmæta samningsskilmála) var tekin upp í XIX. viðauka við EES-samninginn, í lið 7a.
- 13 Í 6., 13., 20. og 24. lið formálsorða tilskipunarinnar um óréttmæta samningsskilmála segir:

*Til að greiða fyrir stofnun innri markaðar og tryggja rétt borgarans í hlutverki neytanda við kaup á vöru og þjónustu samkvæmt samningum sem lög annarra aðildarríkja en hans eigin gilda um er mikilvægt að nema burt óréttmæta skilmála úr slíkum samningum.*

...

*Talið er að lög og stjórnsluákvæði aðildarríkjanna, sem beint eða óbeint ákvarða skilmála neytendasamninga, feli ekki í sér óréttmæta skilmála. Það virðist því ekki nauðsynlegt að láta ákvæði þessarar tilskipunar ná til skilmála sem endurspegla lög eða bindandi stjórnsluákvæði og meginreglur eða ákvæði alþjóðasamninga sem aðildarríkin eða bandalagið er aðili að. Orðalagið „lög og bindandi stjórnsluákvæði“ í 2. mgr. 1. gr. á einnig við um reglur sem samkvæmt lögum gilda í samskiptum samningsaðila, nema samið hafi verið um aðra skipan.*

...

*Samningar skulu orðaðir á edlilegu, skiljanlegu máli, neytandi skal fá tækifæri til þess að skoða alla skilmála og í vafamálum gildir sú túlkun sem neytandanum kemur best.*

...

*Dómstólar og stjórnvöld aðildarríkjanna verða að eiga tiltækar réttar og árangursríkar leiðir til að hindra áframhaldandi notkun óréttmætra skilmála í neytendasamningum.*

- 14 Í 1. gr. tilskipunarinnar um óréttmæta samningsskilmála segir:

*1. Tilgangurinn með þessari tilskipun er að samræma lög og stjórnslufyrirmæli aðildarríkjanna um óréttmæta skilmála í samningum milli seljanda eða veitanda og neytanda.*

*2. Þessi tilskipun nær ekki til samningsskilmála sem endurspegla lög og bindandi stjórnsluákvæði og ákvæði eða meginreglur í alþjóðasamningum sem aðildarríkin eða bandalagið eiga aðild að, m.a. á sviði flutningamála.*

- 15 Í 2. gr. tilskipunarinnar um óréttmæta samningsskilmála segir:

*Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:*

*(a) „óréttmætir skilmálar“: samningsskilmálar samkvæmt skilgreiningu í 3. gr.;*

*(b) „neytandi“: einstaklingur sem í samningum, er þessi tilskipun nær til, á viðskipti í öðru skyni en vegna starfs síns;*

*(c) „seljandi eða veitandi“: einstaklingur eða lögpersóna sem í samningum, er þessi tilskipun nær til, á viðskipti vegna starfs síns, hvort sem það er opinbert starf eða ekki.*

16 Í 3. gr. tilskipunarinnar um óréttmæta samningsskilmála segir:

*1. Samningsskilmáli sem hefur ekki verið samið um sérstaklega telst óréttmætur ef hann, þrátt fyrir skilyrðið um „góða trú“, veldur umtalsverðu ójafnvægi réttinda og skyldna samningsaðila samkvæmt samningnum, neytanda til tjóns.*

*2. Ekki telst hafa verið samið sérstaklega um samningsskilmála ef hann hefur verið saminn fyrirfram og neytandi því ekki haft tækifæri til að hafa áhrif á efni skilmálans, einkum þegar um er ræða fastorðaða staðalsamninga.*

*Þó samið hafi verið sérstaklega um einstök atriði samningsskilmála eða einn tiltekinn samningsskilmála, þá gildir þessi grein áfram um afganginn af samningnum ef heildarmat á samningnum sýnir að hann er þrátt fyrir það fastorðaður staðalsamningur.*

*Ef seljandi eða veitandi heldur því fram að samið hafi verið sérstaklega um staðalskilmála er sönnunarbyrðin hans.*

*3. Í viðaukanum er skrá, leiðbeinandi en ekki tæmandi, yfir samningsskilmála sem teljast óréttmætir.*

17 Í 4. gr. tilskipunarinnar um óréttmæta samningsskilmála segir:

*1. Með fyrirvara um 7. gr. skal við mat á því hvort samningsskilmáli er óréttmætur taka tillit til þess um hvers konar vörur eða þjónustu samningurinn er og hafa hliðsjón af öllum aðstæðum á þeim tíma sem samningurinn er gerður og öllum öðrum skilmálum samningsins eða annars samnings sem hann hangir saman við.*

*2. Matið á því hvort samningsskilmálar séu óréttmætir nær hvorki til skilgreiningar á aðalefni samningsins né samræmis milli verðs og vara eða þjónustu og greiðslu fyrir hana ef þessir skilmálar eru orðaðir á eðlilegu, skiljanlegu máli.*

18 Í 5. gr. tilskipunarinnar um óréttmæta samningsskilmála segir:

*Í samningum þar sem allir eða tilteknir skilmálar sem neytanda eru boðnir eru skriflegir skulu skilmálarnir ávallt orðaðir á eðlilegu, skiljanlegu máli. Í vafamálum um túlkun skilmála gildir sú túlkun sem neytandanum kemur best. Þessi túlkunarregla gildir ekki í tengslum við málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 7. gr.*

19 Í 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar um óréttmæta samningsskilmála segir:

*Aðildarríkin skulu mæla svo fyrir um að óréttmætir skilmálar í samningi seljanda eða veitanda við neytanda séu ekki samkvæmt landslögum þeirra bindandi fyrir neytandann og að samningurinn verði áfram bindandi fyrir samningsaðila ef hann getur haldið gildi sínu að öðru leyti án óréttmætu skilmálanna.*

20 Í viðauka tilskipunarinnar um óréttmæta samningsskilmála segir undir liðnum „Samningsskilmálar sem um getur í 3. mgr. 3. gr.“

*1. Samningsskilmálar sem hafa að markmiði eða þau áhrif:*

...

*l) að gera ráð fyrir að vöruverð sé ákveðið við afhendingu eða heimila seljanda vöru eða veitanda þjónustu að hækka verðið án þess, í báðum tilvikum, að veita neytandanum tilsvarendi rétt til að ógilda samning ef endanlegt verð er of hátt samanborið við umsamið verð við gerð samnings;*

...

*2. Gildissvið g-, j- og l-liðar:*

...

*(c) Ákvæði g-, j- og l-liðar gilda ekki um:*

*- viðskipti með framseljanleg verðbréf, fjármálapappíra og aðrar vörur eða þjónustu ef verðið er bundið breytingum á vísitölu, markaðsverði verðbréfa eða vöxtum á fjármagnsmarkaði sem seljandinn eða veitandinn hefur ekki áhrif á;*

- ...

*d) Ákvæði l-liðar koma ekki í veg fyrir löglega vísitölubindingu ef aðferðin við útreikning verðbreytinga er útskýrð rækilega í samningi.*

21 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29 frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.



2006/2004 (Stjtið. ESB 2005 L 149, bls. 22) (Tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti) var tekin upp í IX. og XIX. viðauka við EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2006 frá 7. júlí 2006 (Stjtið. ESB 2006 L 289, bls. 34 og EES-viðbætur 2006 nr. 52, bls. 27.).

### *Landsréttur*

Lög nr. 121/1994

- 22 Þegar gengið var frá lánessamningnum sem málið varðar voru í gildi lög nr. 121/1994 um neytendalán (neytendalánalög). Lögin leiddu neytendalánatilskipunina í íslenskan rétt. Fasteignakaup voru upphaflega undanþegin bæði gildissviði laganna og tilskipunarinnar. Undanþágunni var síðar aflétt og frá árinu 2001 hafa íslensku lögin gilt um fleiri tegundir neytendalána en tilskipunin.
- 23 Í 5. gr. neytendalánalaganna er gerð krafa um að lánessamningur skuli gerður skriflega og fela í sér þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 6. og 8. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. skal upplýsa um höfuðstólinn (lánsfjárhæð án kostnaðar), vexti, heildarlántökukostnað reiknaðan út skv. 7. gr., árlega hlutfallstölu kostnaðar, þ.e. heildarlántökukostnað, lýst sem árlegri prósentu af upphæð höfuðstólsins og reiknaðri út skv. 10. til 12. gr., auk þeirrar heildarupphæðar sem greiða ber, fjölda einstakra greiðslna, fjárhæðar þeirra og gjalddaga, gildistíma lánessamnings og skilyrða fyrir uppsögn hans. Í 2. mgr. 6. gr. segir jafnframt að ef breyta megi lánskostnaði, afborgunum eða öðrum atriðum lánskjara á samningstímanum skuli lánveitandi greina neytanda frá því við hvaða aðstæður breytingarnar geti orðið.
- 24 Í 7. gr. er heildarlántökukostnaður skilgreindur, og í 9. gr. segir að þó neytendalánalögin kveði á um að „neytandi skuli fá upplýsingar um vexti eða fjárhæðir þar sem vextir eru meðtaldir, komi það ekki í veg fyrir að aðilar geti samið um að vextir séu að nokkru eða öllu leyti breytilegir.“
- 25 Í 10. til 12. gr. eru ítarlegri ákvæði um útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Hún er skilgreind í 10. gr. sem „það vaxtaígildi sem jafnar núvirðið af greiðsluskuldbindingum lánveitanda annars vegar og neytanda hins vegar samkvæmt lánessamningi þeirra.“ Samkvæmt 11. gr. skal reikna hana út „á þeim tíma sem lánessamningur er gerður“.
- 26 Ákvæði 12. gr. neytendalánalaganna varða lánessamninga sem heimila „verðtryggingu eða breytingu á vöxtum eða öðrum gjöldum sem teljast hluti árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður“. Í slíkum tilvikum skal reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar „miðað við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstímans“.
- 27 Samkvæmt landsdómstólnum leiðir það af lögskýringargögnum neytendalánalaga að 12. gr. var ætlað að leiða 6. mgr. 1. gr. a neytendalánatilskipunarinnar í íslensk lög. Hún tekur til upplýsinga sem

lánveitanda ber að veita þegar um er að ræða lánsamninga, sem í eru ákvæði er heimila breytingar á vaxtagjöldum og upphæð eða stigi annars kostnaðar er fellur undir árlega hlutfallstölu kostnaðar en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður.

Lög nr. 7/1936

- 28 Tilskipunin um óréttmæta samningsskilmála var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 14/1995 sem breyttu 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga (samningalög) og bættu við greinum 36 a. til 36 d.
- 29 Í 1. mgr. 36. gr. samningalaga segir að samningi megi víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, sbr. þó 36. gr. c. Hið sama á við um aðra löggerninga. Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skal við mat samkvæmt 1. mgr. líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til.
- 30 Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. a. gilda ákvæði 36. gr. a til d um samninga, „m. a. samningsskilmála, sem ekki hefur verið samið um sérstaklega enda séu samningarnir liður í starfsemi annars aðilans, atvinnurekanda, en í meginatriðum ekki liður í starfsemi hins aðilans, neytanda, sbr. þó 36. gr. d.“
- 31 36. gr. b. kveður á um að „skriflegur samningur, sem atvinnurekandi gefur neytanda kost á, skuli vera á skýru og skiljanlegu máli. Komi upp vafi um merkingu samnings sem nefndur er í 1. mgr. 36. gr. a. skal túlka samninginn neytandanum í hag.“
- 32 Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. c. gilda ákvæði 36. gr. „um samninga skv. 1. mgr. 36. gr. a, þó með þeim breytingum sem leiðir af 2. og 3. mgr. 36. gr. c.“ Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. c. skal við mat á því hvort samningur skv. 1. mgr. sé ósanngjarn „líta til atriða og atvika sem nefnd eru í 2. mgr. 36. gr., m.a. skilmála í öðrum samningi sem hann tengist. Þó skal eigi taka tillit til atvika sem síðar komu til, neytanda í óhag.“ Í 3. mgr. 36. gr. c. segir að samningur teljist ósanngjarn stríði hann „gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag. Ef slíkum skilmála er vikið til hliðar í heild eða að hluta, eða breytt, skal samningurinn að kröfu neytanda gilda að öðru leyti án breytinga verði hann efnður án skilmálans.“

Lög nr. 38/2001

- 33 Verðtrygging sparifjár og lánsfjár er almennt heimil samkvæmt lögum nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o.fl. Ákvæði um það efni hafa verið í lögum allar götur síðan. Núgildandi reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár er að finna í VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Ákvæði kaflans eru ófrávíkjanleg og eiga við um allt verðtryggt sparifé og lánsfé, ef frá eru taldar þær undanþágur sem kveðið er á um í 2. gr. laganna.

- 34 Í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 38/2001 segir að ákvæði VI. kafla þeirra skuli „gilda um skuldbindingar sem varða sparifé og lánsfé í íslenskum krónum þar sem skuldari lofar að greiða peninga og þar sem umsamið eða áskilið er að greiðslurnar skuli verðtryggðar. Með verðtryggingu er í þessum kafla átt við breytingu í hlutfalli við innlenda verðvísitölu. Um heimildir til verðtryggingar fer skv. 14. gr. nema lög kveði á um annað.“
- 35 Í 1. mgr. 14. gr. segir: „Heimilt er að verðtryggja sparifé og lánsfé skv. 13. gr. sé grundvöllur verðtryggingarinnar vísitala neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísitöluna gilda og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði. Vísitala sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði gildir um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár frá fyrsta degi þar næsta mánaðar.“ Í 2. mgr. 14 gr. segir: „Í lánsamningi er þó heimilt að miða við hlutabréfavísitölu, innlenda eða erlenda, eða safn slíkra vísitalna sem ekki mæla breytingar á almennu verðlagi.“
- 36 Í 1. mgr. 15. gr. segir: „Seðlabankinn getur að fengnu samþykki ráðherra ákveðið lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána. Bankinn getur jafnframt að fengnu samþykki ráðherra ákveðið að vextir verðtryggðra innstæðna og lána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum.“ Í 2. mgr. 15. gr. segir: „Seðlabankinn setur nánari reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.“

#### Reglur Seðlabanka Íslands nr. 492/2001

- 37 Á grundvelli 15. gr. laga nr. 38/2001 setti Seðlabankinn reglur nr. 492/2001 um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár (reglurnar).
- 38 Fyrsta grein reglnanna kveður á um að verðtrygging sparifjár og lánsfjár miðað við innlenda verðvísitölu skuli miðast við vísitölu neysluverðs eins og Hagstofa Íslands auglýsir hana mánaðarlega, sbr. ákvæði VI. kafla laga nr. 38/ 2001, nema lög kveði á um annað.
- 39 Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. reglnanna er verðtrygging láns með ákvæði um að höfuðstóll þess miðist við vísitölu neysluverðs því aðeins heimil að lánið sé til fimm ára hið minnsta. Í 2. mgr. segir: „Höfuðstóll láns breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölu milli gjalddaga. Skal höfuðstóll láns breytast á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. Grunnvísitala skal vera vísitala sú, sem í gildi er þegar lán er veitt, nema samningur eða eðli máls leiði til annars.“
- 40 Í 3. mgr. 4. gr. reglnanna segir að gjalddagar láns skulu allir vera á sama degi mánaðar, þannig að tímabilið milli gjalddaga teljist í heilum mánuðum. Sé gjalddagi láns á einhverjum öðrum degi mánaðar en lánveiting á sér stað, skal til leiðréttingar reikna dagvexti með sérstökum verðbótum, fyrir frávikið innan lánveitingarmánaðar (mest 29 dagar). Við útborgun láns greiðir lánþegi dagvextina, ef gjalddagi er síðar í mánuði en lánveiting, en lánveitandi greiðir, ef gjalddagi er fyrr. Í 4. mgr. er veitt heimild til að semja svo um í

fjármálagerningum, sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði, að á útborgunardegi láns og greiðsludegi afborgana og vaxta miðist verðbætur innan mánaðar við daglega línulega breytingu á vísitölu neysluverðs, það er milli gildis hennar á fyrsta degi mánaðar og gildis hennar á fyrsta degi næsta mánaðar þar á eftir. Loks segir í 5. mgr. að á kvittunum skuli jafnan gera nákvæma grein fyrir útreikningi greiðslu og áföllnum verðbótum.

Lög nr. 12/1995

- 41 Í lögum nr. 12/1995 um vísitölu neysluverðs er að finna ákvæði um aðferðir við útreikning vísitölu neysluverðs. Þar segir að Hagstofa Íslands skuli reikna og birta vísitöluna mánaðarlega. Skal hún reist á grunni sem Hagstofan ákveður samkvæmt niðurstöðum neyslukönnunar. Vísitalan skal svo sem kostur er miðast við meðalverðlag í landinu. Sérstök nefnd er Hagstofunni til ráðgjafar um gerð vísitölnnar og fylgist með reglubundnum útreikningi hennar.

## II Málavextir og meðferð málsins

- 42 Með bréfi dagsettu 17. desember 2013, sem skráð var samdægurs í málaskrá dómstólsins, óskaði Héraðsdómur Reykjavíkur eftir ráðgefandi áliti í máli sem rekið er fyrir dómstólnum milli Sævars Jóns Gunnarssonar og Landsbankans hf.
- 43 Þann 19. nóvember 2008 tók stefnandi lán hjá stefnda að fjárhæð 630.000 ISK gegn útgáfu skuldabréfs. Skuldabréfið innihélt staðlaða samningsskilmála sem stefnandi samdi. Í fyrirsögn skuldabréfsins segir að það sé: „Skuldabréf með óskiptri sjálfsskuldarábyrgð — lán til einstaklings.“ Er þar jafnframt tekið fram að skuldabréfið sé verðtryggt með breytilegum vöxtum. Auk þess er heildarlánstíminn skýrður, fjöldi afborgana og við hvaða grunnvísitölu er miðað.
- 44 Í fyrstu málsgrein meginmáls skuldabréfsins kemur fram að um sé að ræða lán með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta (jafngreiðslulán). Það þýðir að afborgun og vextir séu ávallt sama upphæðin nema vextir breytist. Þá segir eftirfarandi í skuldabréfinu:

*Lánið er bundið vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og breytist skuldin í samræmi við breytingar á vísitölunni [vísitölu neysluverðs] frá grunnvísitölu til gjalddaga á hverjum tíma. Þannig skal útgefandi [skuldari] greiða til viðbótar hverri einstakri greiðslu afborgana og vaxta, verðuppbót á hverjum gjalddaga, sem miðast við hækkun vísitölu frá grunnvísitölunni.*

- 45 Á útgáfudegi skuldabréfsins, 20. nóvember 2008, undirritaði stefnandi einnig „Fylgiskjal skuldabréfs – greiðsluáætlun“. Í henni er að finna sundurliðun greiðslna af láninu á hverjum áætluðum gjalddaga (alls 64 talsins), auk útreiknings á eftirstöðvum, afborgun, greiðslu vaxta og kostnaðar miðað við hverja greiðslu. Þá segir eftirfarandi í greiðsluáætluninni:

*Athugið að um áætlun er að ræða. Áætlunin er byggð á 0% verðbólgu, nógildandi vöxtum, og gjaldskrá bankans, sem geta tekið breytingum sbr. ákvæði í skuldabréfi.*

- 46 Nafnvirði greiðslubyrðar lánsins reyndist talsvert hærra en ráð var fyrir gert í greiðsluáætluninni. Af beiðni héraðsdóms má ráða að hækkun afborgananna umfram greiðsluáætlun hafi orsakast af verðbótauppreikningi lánsins á hverjum gjalddaga. Hann hafði þau áhrif að afborganir hækkuðu umfram þær fjárhæðir sem gert var ráð fyrir í áætluninni.
- 47 Af gögnum málsins má ráða að verðbólga sem mældist á undirritunartíma lánsamningsins hafi verið hærri en þau 0% sem miðað var við í skuldabréfinu. Það er einnig ljóst af málgögnum að á Íslandi ríkti fjármálakreppa á umræddum tíma.
- 48 Stefnandi höfðaði mál á hendur stefnda fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Hann hélt því fram að fyrirkomulagið í lánsamningnum hafi brotið bæði gegn íslensku lögum um neytendalán og tilskipuninni um sama efni, og að í því hafi falist óréttmætur skilmáli í neytendasamningi. Stefnandi hélt því fram að fyrirkomulagið væri andstætt 36. gr. og 36 gr. a. til 36 gr. d. samningalaga og tilskipuninni um óréttmæta samningsskilmála. Á þeim grundvelli bæri að telja að umræddur skilmáli væri ekki skuldbindandi. Stefnandi benti sérstaklega á að greiðsluáætlunin hefði átt að gera ráð fyrir óbreyttu verðbólguþingi á öllum lánstímanum, en ekki 0% verðbólguþingi. Það hafi einnig valdið því að árleg hlutfallstala lánskostnaðar hafi virst of lág.
- 49 Stefndi mótmælti þessu sjónarmiði. Hann vísaði til 12. gr. neytendalánalaganna og neytendalánatilskipunarinnar, sem heimila að skilmálar um breytilega vexti eða önnur breytileg gjöld byggist á útreikningum sem miðast við þá forsendu að vextir og kostnaður verði óbreytt til loka lánstímans. Í samræmi við það taldi stefndi að sér hafi borið að leggja þá forsendu til grundvallar við útreikning á áætluðum heildarlántökukostnaði að verðlag myndi haldast óbreytt á öllum lánstímanum, og með sömu röksemdafærslu, að hann hafi mátt gera ráð fyrir 0% verðbólgu. Stefndi telur jafnframt að verðtryggingin hafi verið heimil samkvæmt lögum og að lánið hafi uppfyllt allar lagalegur kröfur sem við áttu. Hann leggur áherslu á að skýrt hafi verið tekið fram í upprunalega skjalinu að lánið skyldi endurskoðast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Stefndi hafi ekki átt neinn þátt í ákvörðun vísitölunnar og reikningsaðferðin hafi verið rækilega útskýrð.
- 50 Að mati Héraðsdóms Reykjavíkur liggur ekki ljóst fyrir hvernig túlka beri tilskipunina um neytendalán sem og tilskipunina um óréttmæta samningsskilmála, hvaða áhrif þær hafa, og hvort heimilt sé að líta alveg framhjá verðbólguþinginu á undirritunartíma lánsins og gera þess í stað ráð fyrir 0% verðbólgu við útreikning heildarlántökukostnaðar neytanda.
- 51 Héraðsdómur Reykjavíkur beindi eftirfarandi spurningum til EFTA-dómstólsins:

1. *Samrýmist það ákvæðum tilskipunar nr. 87/102/EBE um neytendalán, eins og tilskipuninni var breytt með tilskipun nr. 90/88/EBE og tilskipun nr. 98/7/EB, að við gerð lánessamnings, sem bundinn er vísitölu neysliverðs samkvæmt heimild í settum lögum og tekur því breytingum í samræmi við verðbólgu, sé við útreikning á heildarlántökukostnaði og árlegri hlutfallstölu kostnaðar, sem birtur er lántaka við samningsgerðina, miðað við 0% verðbólgu en ekki þekkt verðbólgu á lántökudegi?*
  2. *Samrýmist það ákvæðum tilskipunar ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum ef löggjöf í ríki sem aðild á að EES-samningnum heimilar að samningur um neytendalán hafi að geyma ákvæði þess efnis að greiðslur af láninu skuli verðtryggðar samkvæmt fyrir fram ákveðinni vísitölu?*
  3. *Ef svarið við annarri spurningunni er á þann veg að verðtrygging greiðslna af neytendaláni sé samrýmanleg ákvæðum tilskipunar 93/13/EBE þá er í þriðja lagi spurt hvort tilskipunin takmarki svigrúm viðkomandi samningsríkis til þess að ákveða með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum hvaða þættir skuli valda breytingum á hinni fyrir fram ákveðnu vísitölu og eftir hvaða aðferðum þær breytingar skuli mældar.*
  4. *Ef svarið við þriðju spurningunni er að tilskipun 93/13/EBE takmarki ekki það svigrúm samningsríkis sem nefnt er í þeirri spurningu þá er í fjórða lagi spurt hvort samningsskilmáli teljist hafa verið sérstaklega umsaminnt í skilningi 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar þegar a) tekið er fram í skuldabréfi sem neytandi undirritar í tilefni lántöku að skuldbinding hans sé verðtryggð og tilgreint er í skuldabréfinu við hvaða grunnvísitölu verðbreytingar skuli miðast, b) skuldabréfinu fylgir yfirlit sem sýnir áætlaðar og sundurliðaðar greiðslur á gjalddögum lánsins og tekið er fram í yfirlitinu að áætlunin geti tekið breytingum í samræmi við verðtryggingarákvæði lánessamningsins, og c) neytandi og veitandi undirrita báðir greiðsluyfirlitið samtímis og samhliða því að neytandi undirritar skuldabréfið?*
  5. *Telst aðferðin við útreikning verðbreytinga í lánessamningi hafa verið útskýrð rækilega fyrir neytanda í skilningi d-liðar 2. gr. viðauka við tilskipun 93/13/EBE þegar atvik eru með þeim hætti sem nánar greinir í fjórðu spurningunni?*
  6. *Á ríki sem er aðili að EES-samningnum val milli þess við innleiðingu 1 mgr. 6. gr. tilskipunar 93/13/EBE, annars vegar að mæla svo fyrir í landsrétti að heimilt sé að lýsa óskuldbindandi fyrir neytanda óréttmæta skilmála í skilningi 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, eða hins vegar að mæla svo fyrir í landsrétti að slíkir skilmálar skuli ávallt vera óskuldbindandi fyrir neytandann?*
- 52 Vísað er til skýrslu framsögumanns um frekari lýsingu löggjafar, málsatvika, meðferðar málsins og skriflegra greinargerða sem dómstólnum bárust. Verða þau ekki rakin frekar nema að því leyti sem forsendur dómsins krefjast.

### III Svör dómsins

#### *Almennar athugasemdir*

- 53 Héraðsdómur Reykjavíkur hefur beint sex spurningum til EFTA-dómstólsins. Fyrsta spurningin snýr að kröfum neytendalánatilskipunarinnar um upplýsingagjöf til neytanda áður en hann undirritar verðtryggðan lánsamning. Spurningar tvö til sex varða túlkun á tilskipuninni um óréttmæta samningsskilmála í tengslum við verðtryggðar afborganir lána. Þessar síðustu fimm spurningar eru efnislega samhljóða þeim fimm spurningum sem dómstóllinn fjallaði um í óútgefnum dómi frá 28. ágúst 2014, í máli E-25/13 *Gunnar V. Engilbertsson gegn Íslandsbanka hf.* Í máli þessu mun dómstóllinn því vísa til rökstuðnings og niðurstaðna í fyrra málinu. Fyrsta spurningin kom á hinn bóginn ekki til álita í því máli.

*Gildissvið neytendalánatilskipunarinnar í tengslum við lánsamninga sem bundnir eru vísitölu neysluverðs*

Athugasemdir sem lagðar voru fyrir dómstólinn

- 54 Stefndi og ríkisstjórn Íslands hafa borið brögður á, bæði í skriflegum athugasemdum og við munnlegan málflutning fyrir dómstólnum, að samningsskilmálarnir sem um ræðir falli undir gildissvið neytendalánatilskipunarinnar. Að þeirra mati er tilskipuninni ætlað að stuðla að lágmarkssamræmingu laga og stjórnarsýslufyrirmæla um neytendalán. EES-ríkin hafi því svigrúm til að setja lög um þau atriði sem ekki er fjallað um í neytendalánatilskipuninni.
- 55 Samkvæmt stefnda og ríkisstjórn Íslands tekur neytendalánatilskipunin hvorki til verðtryggingar neytendalána, né inniheldur hún ákvæði um verðtryggingu almennt. Þar sem engin EES-löggjöf fjalli um meðferð verðtryggingar í neytendalánasamningum, er það aðildarríkjanna að setja reglur á því sviði.
- 56 ESA telur aftur á móti að neytendalánatilskipunin taki bæði til sakarefnisins sem og tímabilsins sem mál þetta snýst um. Bæði aðilar lánsamningsins og sjálfur samningurinn falli undir þær skilgreiningar sem settar eru fram í neytendalánatilskipuninni. Þá teljist verðtrygging til kostnaðar sem árleg hlutfallstala kostnaðar verði almennt séð að endurspegla.

Álit dómstólsins

- 57 Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar um neytendalán tekur hún til samninga um neytendalán. Í fyrsta málslið c-liðar 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar eru slíkir samningar skilgreindir sem „samkomulag þar sem lánveitandi veitir eða heitir að veita neytanda lán í formi greiðslufrests, láns eða svipaðrar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu.“ 10. liður formálsorða neytendalánatilskipunarinnar rennir frekari stoðum undir þennan víðtæka skilning hugtaksins en þar segir: „Unnt er að veita

neytendum betri vernd með því að samþykkja tilteknar kröfur er gilda skuli um hvers konar lán.“

- 58 Í 2. gr. neytendalánatilskipunarinnar segir að ákveðna lánasamninga eða annars konar samninga megi undanskilja gildissviði hennar að fullu eða hluta. Verðtrygging lánasamninga er ekki tiltekin sérstaklega. Dómstóllinn bendir þó á að lánessamningurinn í málinu er ekki meðal þeirra samninga sem eru undanþegnir gildissviði tilskipunarinnar.
- 59 Neytendalánatilskipunin var enn fremur sett til að tryggja að sameiginlegum neytendalánamarkaði yrði komið á og til að vernda neytendur sem taka lán á slíkum markaði (sjá til samanburðar varðandi það atriði, mál C-429/05 *Rampion and Godard* [2007] ECR I-8050, 59. mgr., og þá dómaframkvæmd sem þar er vitnað til).
- 60 Af framangreindu leiðir að markmið tilskipunarinnar um neytendalán mæla gegn því að lánessamningur sem bundinn er vísitölu neysluverðs sé tekinn undan gildissviði hennar. Eini lögmæti tilgangur verðtryggingarskilmála í lánessamningi er að samræma nafnvirði samfelldra afborgana af láni við þróun vísitölu neysluverðs á lánstímanum.
- 61 Samkvæmt framansögðu verður að telja að neytendalánatilskipunin eigi við um lánessamninginn í málinu sem rekið er fyrir héraðsdómi.

*Gildissvið tilskipunarinnar um óréttmæta samningsskilmála*

- 62 Stefndi, ríkisstjórn Íslands og ESA telja vafamál hvort samningsskilmálarnir um verðtryggingu afborgana sem deilt er um í málinu fyrir héraðsdómi falli undir gildissvið tilskipunarinnar um óréttmæta samningsskilmála að því marki sem þeir endurspeгла lög og bindandi stjórnsýsluákvæði sem undanþegin eru gildissviði tilskipunarinnar samkvæmt 2. mgr. 1. gr. hennar.
- 63 Dómstóllinn hefur þegar fjallað um verðtryggingu fasteignalána til neytenda í 66. til 79. mgr. í máli *Gunnars V. Engilbertssonar* sem vitnað er til hér að ofan. Þar komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að samningsskilmálar sem aðilar eiga val um hvort þeir taki upp í samning en geta að öðru leyti ekki samið sérstaklega um efnislega, verði þeir fyrir valinu, teljist endurspeгла lög og bindandi stjórnsýsluákvæði í skilningi tilskipunarinnar um óréttmæta samningsskilmála og falli því utan gildissviðs hennar. Sú niðurstaða verður einnig að gilda um samning um neytendalán eins og þann sem hér um ræðir. Það er í verkahring landsdómstólsins að taka afstöðu til þess hvort samningsskilmálar um verðtryggingu afborgana neytendaláns, eins og þess sem um ræðir í máli þessu, teljist endurspeгла lög eða bindandi stjórnsýsluákvæði samkvæmt 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar um óréttmæta samningsskilmála.



*Fyrsta spurningin*

Athugasemdir sem lagðar voru fyrir dómstólinn

- 64 Stefnandi telur verðtrygginguna vera hluta lántökukostnaðar, og því verði að gera grein fyrir henni fyrirfram í þeim upplýsingum sem skylt er að veita lögum samkvæmt. Hann bendir á að verðtryggingin hafi almennt ekki aðeins áhrif á útistandandi afborganir láns, heldur aðallega á höfuðstól þess.
- 65 Stefnandi heldur því fram að ef þekkt breyting á vísitölu neysluverðs er ekki tekin fram við gerð lánasamnings verði það að teljast villandi viðskiptahættir þar sem slíkt hafi veruleg áhrif á árlega hlutfallstölu kostnaðar og heildarlántökukostnað. Þá sé ekki minnst á þau áhrif sem breytingar á vísitölu neysluverðs hafi á heildarupphæð lánsins í greiðsluáætluninni sem fylgdi skuldabréfinu. Þá vanrækslu beri að túlka sem villandi þar sem hún leiði til ályktunar um að breytingar á vísitölu neysluverðs hafi engin áhrif á heildarupphæð lánsins. Þvert á móti geri greiðsluáætlunin ráð fyrir að nafnvirði heildarupphæðarinnar byggist á óbreyttu vaxtastigi.
- 66 Stefnandi bendir jafnframt á að hvorki sé minnst á það í skuldabréfinu hvernig verðbólga geti breyst eða hvaða þættir geti haft áhrif á verðbólgu, né sé þar að finna skýringu á tengslum verðbólgu og vísitölu neysluverðs, eða á grunnvísitölu skuldabréfsins. Að mati stefnanda bendir þetta til þess að skilmálar skuldabréfsins séu bæði ógagnsæir og villandi.
- 67 Stefnandi telur jafnframt að 6. mgr. 1. gr. a. neytendalánatilskipunarinnar, með hliðsjón af b-lið 2. mgr. 4. gr., verði ekki túlkuð með þeim hætti að útreikningur á árlegri hlutfallstölu kostnaðar og heildarlántökukostnaði megi gera ráð fyrir að verðbólga verði 0% út lánstímann. Aðferð stefnda við útreikninginn gefi þá mynd af láninu að það sé venjulegt, óverðtryggt lán með breytilegum vöxtum, sem sé til þess fallin að neytandinn taki viðskiptaákvörðun sem hann hefði ekki tekið að öðrum kosti.
- 68 Stefnandi telur að áætlun sem gerir ráð fyrir 0% verðbólgu, eða óbreyttu verðlagi, við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar hafi verið í samræmi við bindandi fyrirmæli 12. gr. neytendalánalaga. Að mati stefnda er ljóst að umrætt ákvæði hafi verið ætlað að leiða 6. mgr. 1. gr. a. neytendalánatilskipunarinnar í íslensk lög. Ákvæði 1. mgr. 12. gr. þar sem vísað er til verðtryggingar og gert ráð fyrir að verðlag haldist óbreytt séu séríslensk og gangi því skrefinu lengra en þær kröfur um lágmarkssamræmingu sem gerðar eru í 6. mgr. 1. gr. a. Vísanir til verðtryggingar endurspegli því almenna íslenska skipun um verðtryggingu lána.
- 69 Stefnandi bendir jafnframt á að þótt enska þýðingin „price level“ yfir íslenska hugtakið „verðlag“ geti virst nokkuð óljós, hafi hugtakið skýra merkingu á íslensku og vísi til áhrifa verðbólgu á verð. Stefnandi telur því að tilvísunin í 1. mgr. 12. gr. neytendalánalaga um að verðlag haldist óbreytt, sé, á íslensku, skýr tilvísun til þess að andlag samningsins sé ekki leiðrétt með tilliti til verðbólgu. Telur stefndi því að í kröfu neytendalánalaganna um að árlega hlutfallstölu

kostnaðar skuli reikna út miðað við þá forsendu að verðlag verði óbreytt felist ótvíræð krafa um að útreikningurinn taki ekki tillit til leiðréttingar vegna verðbólgu, og að miðað sé við 0% verðbólgu.

- 70 Stefndi bendir á að í málum þar sem samningsskilmálar um verðtryggingu kveða á um að neytanda sé skylt að greiða af láninu, á hverjum gjalddaga, leiðréttingu í samræmi við hækkun vísitölunnar, ofan á hverja afborgun af höfuðstóli og vöxtum, megi telja að leiðrétting vísitölunnar falli innan heildarlántökukostnaðar neytandans. Áhrif slíkrar verðtryggingar á heildarlántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar eru hins vegar breytileg og ómögulegt að mæla þegar útreikningur fer fram. Um þennan breytilega kostnað gildir 6. mgr. 1. gr. a. neytendalánatilskipunarinnar, en samkvæmt henni er gert ráð fyrir óbreyttu verðlagi, þ.e. án tillits til verðbólgu.
- 71 Að mati ríkisstjórnar Íslands voru kostnaðarþættirnir sem taka ber mið af við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar ekki samræmdir að fullu með neytendalánatilskipuninni. Nánar tiltekið sé ekki minnst á nokkurs konar verðtryggingu lána með beinum hætti í tilskipuninni og ekki sé því beinlínis gerð krafa um að tekið sé mið af breytingum á nafnvirði eða afborgunum sem tilkomnar eru vegna verðtryggingar við útreikning heildarlántökukostnaðar og árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Sömuleiðis sé ekki gerð krafa um að árleg hlutfallstala kostnaðar og heildarlántökukostnaður séu miðuð við nafnvirði frekar en raunvirði. Þar af leiðandi sé ekki unnt að draga þá ályktun að neytendalánatilskipunin krefjist útreiknings árlegrar hlutfallstölu kostnaðar á nafnvirði vegna verðtryggðra lána (á grundvelli gildandi verðbólguþests) frekar en útreiknings árlegrar hlutfallstölu kostnaðar á raunvirði.
- 72 Með vísan til 6. mgr. 1. gr. a, 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 6. gr., neytendalánatilskipunarinnar, auk minnisblaðs framkvæmdastjórnarinnar um tilskipun 2008/48/EB, telur ríkisstjórn Íslands að líta beri framhjá kostnaði sem síðar komi til, óvissa ríki um og ekki sé hægt að áætla með hæfilegri vissu. Jafnvel þótt breytingar á nafnvirði greiðslna vegna verðtryggingar myndu falla innan skilgreiningarinnar á heildarlántökukostnaði neytandans og neytendalánatilskipunin krefðist þess að árleg hlutfallstala kostnaðar væri miðuð við nafnvirði, ætti engu að síður, að teknu tilliti til þess sem segir hér að framan, að líta framhjá slíkum breytingum við útreikning á heildarlántökukostnaði og árlegri hlutfallstölu kostnaðar.
- 73 Ríkisstjórn Íslands telur að ef neytandinn þekkti hina raunverulegu árlegu hlutfallstölu kostnaðar myndi það gera honum kleift að taka skynsamlega, upplýsta ákvörðun. Ef neytandinn væri hins vegar upplýstur um að hann ætti, á ákveðnum degi í fjarlægri framtíð, að greiða nafnvirði tiltekinna fjárhæðar, sem miðaðist við gildandi verðbólguþest, væru slíkar upplýsingar líklega þýðingarlausar og gætu leitt til órókréttar ákvarðanatöku. Ríkisstjórn Íslands telur enn fremur að ef árleg hlutfallstala kostnaðar á nafnvirði og heildarkostnaður láns sem veita á neytanda ætti að grundvallast á þekktu verðbólguþesti á þeim tíma sem árleg hlutfallstala kostnaðar er reiknuð út myndi það næstum örugglega hvorki endurspegla raunverulega árlega hlutfallstölu

kostnaðar á nafnvirði né lántökukostnaðinn sem greiða þyrfti þar sem ólíklegt sé að raunverulegt meðalverðbólgustig á lánstímanum yrði hið sama og verðbólguستيð á þeim tíma sem árleg hlutfallstala kostnaðar væri reiknuð út. Þetta eigi sérstaklega við um lönd eins og Ísland, sem hefur í gegnum tíðina glímt við hátt og óstöðugt verðbólguستي.

- 74 Að mati ESA er það landsdómstólsins að meta hvort greiðsluáætlunin hefði átt að miða við þekkt verðbólguستي á lántökudegi, í stað þess að gera ráð fyrir 0% verðbólgu eins og gert var í máli þessu.
- 75 ESA segir afar mikilvægt að neytandinn sé upplýstur um heildarlántökukostnað í formi árlegrar hlutfallstölu kostnaðar samkvæmt einni stærðfræðiformúlu. Það sé landsdómstólsins að skera úr um það hvort aðferðin sem notuð var við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar uppfylli þá kröfu, en ESA telur að almennur neytandi sem er ágætlega upplýstur, athugull og forsjáll myndi búast við því að árleg hlutfallstala kostnaðar vegna neytendaláns sem er vísitölubundið og helst í hendur við verðbólgu á Íslandi yrði reiknað út á grundvelli áætlunar um verðbólguستي í framtíðinni.
- 76 ESA telur jafnframt, að teknu tilliti til efnahagsástandsins á Íslandi á þeim tíma sem hinn umdeildi samningur var gerður, að erfitt sé að ímynda sér að almennur neytandi hefði búist við að verðbólguستي sem gerði ráð fyrir 0% verðbólgu gengi eftir. Að mati ESA er slíkur útreikningur misvísandi sem lýsing á heildarkostnaði neytendaláns. Varðandi það atriði vísar ESA til orðalags 4. mgr. 19. gr. tilskipunar 2008/48/EB sem svarar til 6. mgr. 1. gr. a. neytendalánatilskipunarinnar en vísar með skýrari hætti til upphafsstöðu viðeigandi vaxta og kostnaðar en gert er í 6. mgr. 1. gr. a. í neytendalánatilskipuninni.
- 77 ESA telur enn fremur að neytendalánatilskipunin geri lánveitendum skylt að sjá neytendum fyrir nægilegum upplýsingum til að þeir geti gert sér í hugarlund hversu hár lántökukostnaðurinn verði jafnvel þótt viðbúið sé að heildarkostnaðurinn taki síðar breytingum sem einungis sé hægt að spá fyrir um. Þótt ólíkar aðferðir við útreikning geti verið heimilar, telur ESA að mælikvarðinn verði að vera sá að þegar ekki er hægt að reikna heildarlántökukostnaðinn út með nákvæmum hætti verði hvers konar mat á kostnaðinum að byggjast á raunhæfum áætlunum.
- 78 Því telur ESA að það samrýmist í grundvallaratriðum ekki ákvæðum neytendalánatilskipunarinnar að greiðslufirlit sem fylgir lánsamningi miðist við áætlun um 0% verðbólguستي með þeim afleiðingum að heildarlántökukostnaður virðist umtalsvert lægri en ef hann væri reiknaður út frá raunhæfri áætlun um verðbólguستي í framtíðinni. Það sé þó landsdómstólsins að meta, að teknu tilliti til allra málsatvika, hvort stefnandi, í málinu sem rekið er fyrir landsdómstólnum, hafi fengið nægilegar upplýsingar varðandi árlega hlutfallstölu kostnaðar lánsins, á undirritunartíma samningsins, til að geta gert sér í hugarlund hver heildarlántökukostnaðurinn yrði.

- 79 Komist landsdómstóllinn að þeirri niðurstöðu að aðferð stefnda við útreikning heildarkostnaðar lánsins sé ekki í samræmi við tilskipunina um neytendalán telur ESA að landsdómstóllinn verði þá að taka afstöðu til þess að eigin frumkvæði hvaða úrræðum sé unnt að beita til að ráða bót á slíku broti.
- 80 Tilskipunin um neytendalán tiltekur engin sérstök úrræði vegna brota á skyldu til að veita viðunandi upplýsingar í samningi um slíkt lán. ESA heldur því hins vegar fram að 14. gr. neytendalánatilskipunarinnar skyldi EES-ríki til að tryggja að lánessamningar víki ekki frá þeim ákvæðum landslaga sem ætlað er að innleiða tilskipunina svo að það sé neytandanum í óhag og að þau hlutist til um að ekki sé unnt fara á svig við ákvæðin sem innleiða tilskipunina með því að haga orðalagi samninga með tilteknum hætti.
- 81 ESA telur að þegar búið sé að slá því föstu að reglur um neytendavernd hafi verið brotnar verði yfirvöld aðildarríkis að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að hinar neikvæðu afleiðingar brotsins nái ekki til annarra þátta í framkvæmd samningsins. Svo virðist sem 36. gr. samningalaga og ákvæði neytendalánalaga hafi að geyma úrræði til að leysa úr því álitamáli. ESA telur þó að það sé landsdómstólsins að beita þeim úrræðum sem tiltæk eru samkvæmt landslögum ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að stefnandi hafi ekki fengið nægilegar upplýsingar um neytendalán.
- 82 Að mati framkvæmdastjórnarinnar leiðir það af skýru orðalagi 6. mgr. 1. gr. a. neytendalánatilskipunarinnar að við aðstæður eins og þær sem eru til staðar í þessu máli beri að reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar miðað við allan þann kostnað sem liggur fyrir og við á þegar útreikningurinn fer fram. Öll önnur túlkun myndi heimila lánveitanda að undanskilja ákveðin gjöld með öllu útreikningi á árlegri hlutfallstölu kostnaðar, og veita neytandanum þar með villandi upplýsingar um heildarlántökukostnaðinn. Sú niðurstaða myndi grafa undan einu aðalmarkmiði neytendalánatilskipunarinnar: að auka neytendavernd með því að auka upplýsingaflæði og gagnsæi. Lykilatriði slíkrar verndar sé að veita neytanda upplýsingar um heildarlántökukostnað sem geri honum kleift að bera saman ólík lánstilboð á sömu forsendum og meta umfang skuldbindinga sinna.
- 83 Framkvæmdastjórnin telur að það sé einmitt til að vernda neytanda gegn óréttmætum samningsskilmálum, og til að honum sé gert kleift að hafa fulla vitneskju um þróun samningsins til framtíðar, sem sú skylda er lögð á herðar lánveitanda, samkvæmt 4. gr. neytendalánatilskipunarinnar, að hann veiti neytanda allar þær upplýsingar sem gætu haft áhrif á framkvæmd samningsins. Framkvæmdastjórnin bendir enn fremur á að árleg hlutfallstala kostnaðar sé mikilvægt tæki við að gera neytandanum kleift að ákveða hvort hann gangist undir tiltekinn lánessamning.
- 84 Að mati framkvæmdastjórnarinnar verður útreikningurinn að gefa skynsamlega vísbendingu um heildarlántökukostnaðinn, en slíkt sé einungis hægt ef miðað er við kostnað og verðgildi sem liggja fyrir og eiga við þegar lánasamningur er undirritaður. Framkvæmdastjórnin leggur einnig á það áherslu að a-liður 1. mgr.

1. gr. a. neytendalánatilskipunarinnar tengi árlega hlutfallstölu kostnaðar með skýrum hætti við núvirði allra skuldbindinga.

- 85 Loks bætir framkvæmdastjórnin því við að 4. mgr. 19. gr. tilskipunar 2008/48/EB, sem er samhljóða ákvæði 6. mgr. 1. gr. a. neytendalánatilskipunarinnar, kveði sérstaklega á um að ganga skuli út frá þeirri forsendu við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar að útlánsvextir og annar kostnaður séu fastur kostnaður miðað við upphafsstöðu og gildi þar til lánessamningurinn falli úr gildi.

#### Álit dómstólsins

- 86 Með fyrstu spurningunni leitar landsdómstóllinn í aðalatriðum svars við því hvort hugtökin „heildarlántökukostnaður“ og „árleg hlutfallstala kostnaðar“, sem koma fyrir í d- og e-lið 2. mgr. 1. gr. og a-lið 1. mgr. 1. gr. a. neytendalánatilskipunarinnar beri að skýra með þeim hætti að heimilt sé við gerð lánessamnings sem bundinn er vísitölu neysliverðs að undanskilja verðbólguþætti á undirritunartíma lánessamningsins, eða hvort skylt sé að veita neytanda þær upplýsingar í samræmi við 4. gr. tilskipunarinnar.
- 87 Markmið neytendalánatilskipunarinnar var að koma á sameiginlegum neytendalánamarkaði (3. til 5. liður formálsorða) og að vernda neytendur sem tækju lán á slíkum markaði (6., 7. og 9. liður formálsorða). Neytendalánatilskipuninni er ætlað að tryggja lágmarksvernd í neytendalánamálum.
- 88 Til að vernda neytandann gegn óréttmætum lánaskilmálum og gera honum kleift að átta sig fyllilega á skilmálum lánessamningsins sem hann hefur undirgengist, er kveðið á um að lán taki skuli við undirritun samningsins hafa með höndum allar þær upplýsingar sem máli skipta og geta haft áhrif á þær skyldur sem hann tekst á hendur (sjá til samanburðar mál *C-76/10 Pohotovost'* [2010] ECR I-11557, 68. mgr., og dómaframkvæmd sem þar er vitnað til).
- 89 Í 1. mgr. 4. gr. og a- og b-lið 2. mgr. 4. gr. neytendalánatilskipunarinnar kemur fram að lánessamningur skuli gerður skriflega og að í samningnum skuli koma fram yfirlýsing um árlega hlutfallstölu kostnaðar ásamt þeim skilyrðum sem þarf að uppfylla til að gera breytingar á henni.
- 90 Samkvæmt e-lið 2. mgr. 1. gr. neytendalánatilskipunarinnar merkir hugtakið árleg hlutfallstala kostnaðar „heildarkostnaður við neytendalán“, sem er lýst sem „árlegri prósentu af upphæð láns þess sem veitt er og reiknuð út í samræmi við 1. gr. a.“ Samkvæmt d-lið 2. mgr. 1. gr. felur hugtakið heildarlánkostnaður neytanda í sér allan kostnað, að meðtöldum vöxtum og öðrum kostnaði sem neytandinn þarf að greiða fyrir lánið.
- 91 Af framansögðu leiðir að hugtakið „heildarlánkostnaður“ felur í sér allan kostnað sem neytanda ber skylda til að greiða samkvæmt lánessamningnum, að meðtöldum vöxtum og kostnaði sem leiða af verðtryggingu höfuðstólsins. Þessar

upplýsingar stuðla að gagnsæi á markaðnum, þar sem þær gera neytandanum kleift að bera saman mismunandi lánatilboð.

- 92 Dómurinn áréttar að 6. mgr. 1. gr. a. neytendalánatilskipunarinnar gerir ráð fyrir að vaxtagjöld og annar kostnaður geti verið breytilegur. Þar kemur fram að ef ekki er unnt að meta hverju kostnaðurinn nemur á þeim tíma sem árleg hlutfallstala kostnaðar er reiknuð út, skuli reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar á þeirri forsendu að vextir og annar kostnaður verði óbreytanlegur og gildi fram til loka lánessamningsins.
- 93 Lánessamningur sem gerir ráð fyrir að verðbólguþing haldist í 0%, á tímapunkti þar sem raunveruleg verðbólga er töluvert hærri, gefur ekki rétta mynd af þeim kostnaði sem leiðir af verðtryggingu og þar með heildarlántökukostnaði í skilningi d-liðar 2. mgr. 1. gr. Slík yfirlýsing veitir því ekki ekki raunhæfa mynd af árlegri hlutfallstölu kostnaðar eins og hún er skilgreind í e-lið 2. mgr. 1. gr. og a-lið 1. mgr. 1. gr. a. neytendalánatilskipunarinnar.
- 94 Að því gefnu að þeirri vernd sem neytendalánatilskipunin veitir samkvæmt túlkun dómstólsins sé ekki stefnt í hættu, er það landsdómstólsins að meta, að teknu tilliti til allra atvika málsins, hvaða áhrif röng upplýsingagjöf af þessu tagi hefur og hvaða úrræðum er hægt að bæta af því tilefni. Við slíkt mat verður landsdómstóllinn að hafa hliðsjón af því hvort viðkomandi neytandi geti talist almennur neytandi, sem er ágætlega upplýstur, athugull og forsjáll (sjá til samanburðar mál E-1/05 *ESA gegn Noregi* [2005] EFTA Ct. Rep. 234, 41. mgr.).
- 95 Dómurinn bætir við að vanræki lánastofnun að upplýsa viðskiptavin sinn fyllilega um heildarlántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar, eins og nánar er tilgreint í 3. gr. og a-lið 2. mgr. 4. gr. neytendalánatilskipunarinnar, getur það, að teknu tilliti til atvika, einnig talist til óréttmætra viðskiptahátta gagnvart neytendum samkvæmt tilskipuninni um óréttmæta viðskiptahætti. Komist landsdómstóllinn að þeirri niðurstöðu að tilskipunin um óréttmæta samningsskilmála eigi við um verðtryggingarskilmálann sem deilt er um, er sú niðurstaða, að tilteknir viðskiptahættir séu óréttmætir gagnvart neytanda, einn þeirra þátta sem landsdómstóllinn getur lagt til grundvallar mati sínu um hvort tiltekinn skilmáli sé óréttmætur (sjá til samanburðar mál C-453/10 *Pereničová and Perenič*, dómur frá 1. mars 2012, birtur með rafrænum hætti, 43. mgr.).
- 96 Fyrstu spurningunni verður því að svara þannig, að þegar lánessamningur er bundinn við vísitölu neysluverðs og lántökukostnaðurinn tekur þar af leiðandi breytingum í samræmi við verðbólgu, samrýmist það ekki neytendalánatilskipuninni að miðað sé við 0% verðbólgu við útreikning á heildarlántökukostnaði og árlegri hlutfallstölu kostnaðar ef þekkt verðbólguþing á lántökudegi er ekki 0%. Það er landsdómstólsins að meta, að teknu tilliti til allra atvika málsins, hvaða áhrif röng upplýsingagjöf af þessu tagi hefur og hvaða úrræðum er hægt að beita af því tilefni, að því gefnu að þeirri vernd sem neytendalánatilskipunin veitir samkvæmt túlkun dómstólsins sé ekki stefnt í hættu.

*Spurningar tvö til sex*

- 97 Komist landsdómstóllinn að þeirri niðurstöðu að tilskipunin um óréttmæta samningsskilmála eigi við um hið verðtryggða neytendalán, telur dómurinn rétt að víkja að þeim spurningum sem eftir standa í því skyni að landsdómstóllinn fái þá aðstoð við úrlausn þess hluta málsins. Þessar spurningar eru efnislega samhljóða spurningunum sem fjallað var um í máli *Gunnars V. Engilbertssonar*. Dómstóllinn hefur engar upplýsingar undir höndum í þessu máli sem þýðingu hafa þannig að þær geti leitt til annars mats á þeim lagalegu álitafnum sem á reyndi í fyrra málinu. Að því er varðar efni spurninganna er engin ástæða til að greina á milli veðláns, sem fyrra málið snerist um, og neytendaláns, eins og þetta mál lýtur að. Svörin verða því efnislega samhljóða í báðum málum.
- 98 Með annarri spurningunni leitar landsdómstóllinn í aðalatriðum svars við því hvort tilskipunin um óréttmæta samningsskilmála leggi almennt bann við notkun samningsskilmála um verðtryggingu neytendalána.
- 99 Fjallað er um þessa spurningu í 87. til 98. mgr. dómsins í máli *Gunnars V. Engilbertssonar*. Í 99. mgr. þess dóms kemur fram að tilskipunin um óréttmæta samningsskilmála leggi ekki almennt bann við skilmálum um verðtryggingu veðlána í samningum milli veitanda og neytanda. Það sé landsdómstólsins að leggja mat á það hvort umræddur skilmáli sé óréttmætur. Landsdómstólnum ber þá einnig að taka tillit til þess að vextir af verðtryggðu láni eru alla jafna lægri en þeir væru ef um óverðtryggt lán væri að ræða, eins og bent er á í 92. mgr. dómsins í máli *Gunnars V. Engilbertssonar*.
- 100 Inntak þriðju spurningar landsdómstólsins er í aðalatriðum hvort, ef gert er ráð fyrir að tilskipunin um óréttmæta samningsskilmála leggi ekki almennt bann við verðtryggingu lána, hvort tilskipunin takmarki svigrúm EES-ríkis til þess að ákveða með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum hvaða þættir geti valdið breytingum á fyrirfram ákveðinni vísitölu, á borð við vísitölu neysliverðs, og eftir hvaða aðferðum þær breytingar skuli mældar.
- 101 Tekin var afstaða til þessarar spurningar í 108. og 109. mgr. dómsins í máli *Gunnars V. Engilbertssonar*. Var spurningunni svarað með þeim hætti að tilskipunin um óréttmæta samningsskilmála takmarkaði ekki svigrúm EES-ríkis til þess að ákveða með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum hvaða þættir gætu valdið breytingum á fyrirfram ákveðinni vísitölu, á borð við hina íslensku vísitölu neysliverðs, og eftir hvaða aðferðum þær breytingar skyldu mældar, að því gefnu að þeim sé lýst með skýrum hætti í samningnum, líkt og fram kemur í 110. mgr. dómsins í máli *Gunnars V. Engilbertssonar*.
- 102 Inntak fjórðu spurningar landsdómstólsins er í aðalatriðum hvort samningsskilmáli teljist hafa verið sérstaklega umsáminn í skilningi 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar um óréttmæta samningsskilmála þegar (a) tekið er fram í skuldabréfi sem neytandi undirritar í tilefni lántöku að skuldbinding hans sé verðtryggð og tilgreint er í skuldabréfinu við hvaða grunnvísitölu verðbreytingar skuli miðast, (b) skuldabréfinu fylgir yfirlit sem sýnir áætlaðar og sundurliðaðar

greiðslur á gjalddögum lánsins og tekið er fram í yfirlitinu að áætlunin geti tekið breytingum í samræmi við verðtryggingarákvæði lánessamningsins, og (c) neytandi og veitandi undirrita báðir greiðsluyfirlitið samtímis og samhliða því að neytandi undirritar skuldabréfið.

- 103 Dómstóllinn fjallaði um þessa spurningu í 120. til 125. mgr. dómsins í máli *Gunnars V. Engilbertssonar*. Var talið að það væri landsdómstólsins að taka afstöðu til þess hvort samið hafi verið sérstaklega um tiltekinn samningsskilmála í skilningi 3. gr. tilskipunarinnar um óréttmæta samningsskilmála, eins og fram kom í 126. mgr. dómsins.
- 104 Inntak fimmtu spurningar landsdómstólsins er í aðalatriðum hvort telja beri að aðferðinni við útreikning verðbreytinga í lánessamningi hafi verið lýst rækilega fyrir neytanda í skilningi d. liðar 2. gr. viðauka tilskipunarinnar um óréttmæta samningsskilmála þegar atvik eru með þeim hætti sem nánar greinir í fjórðu spurningunni.
- 105 Um þá spurningu var fjallað í 138. til 145. mgr. dómsins í máli *Gunnars V. Engilbertssonar*. Þar var talið að það væri landsdómstólsins að meta hvort samningsskilmála um verðtryggingu afborgana hefði verið lýst fyrir neytandanum með skýrum og skiljanlegum hætti. Slíkt mat yrði að taka mið af nákvæmu orðalagi viðeigandi samningsskilmála og öllum öðrum aðstæðum, eins og fram kom í 146. mgr. dómsins.
- 106 Inntak sjöttu spurningarinnar er í aðalatriðum hvaða skyldur leiði af 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar um óréttmæta samningsskilmála í tilvikum þar sem landsdómstóll kemst að þeirri niðurstöðu að tiltekinn samningsskilmáli teljist óréttmætur.
- 107 Um þá spurningu var fjallað í 158. til 164. mgr. í máli *Gunnars V. Engilbertssonar*. Var talið að 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar um óréttmæta samningsskilmála yrði að túlka með þeim hætti að í þeim tilvikum þar sem landsdómstóll kemst að þeirri niðurstöðu að tiltekinn samningsskilmáli sé óréttmætur samkvæmt tilskipuninni beri þeim dómstóli að tryggja að slíkur skilmáli sé óskuldbindandi fyrir neytandann, að því gefnu að samningurinn geti haldið gildi sínu að öðru leyti án hins óréttmæta samningsskilmála, að því marki sem reglur landsréttar leyfa, eins og fram kemur í 165. mgr. dómsins.

#### **IV Málskostnaður**

- 108 Ríkisstjórn Íslands, Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, sem skilað hafa greinargerðum til EFTA-dómstólsins, skulu hver bera sinn málskostnað. Þar sem um er ræða mál sem er hluti af málarekstri fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur kemur það í hlut þess dómstóls að kveða á um kostnað málsaðila.



Með vísan til framangreindra forsendna lætur,

## DÓMSTÓLLINN

uppi svohljóðandi ráðgefandi álit um spurningar þær sem Héraðsdómur Reykjavíkur beindi til dómstólsins:

**1. Þegar lánsamningur er bundinn við vísitölu neysluverðs, samrýmist það ekki tilskipun 87/102/EBE að miðað sé við 0% verðbólgu við útreikning á heildarlántökukostnaði og árlegri hlutfallstölu kostnaðar ef þekkt verðbólguþing á lántökudegi er ekki 0%. Það er landsdómstólsins að meta, að teknu tillit til allra atvika málsins, hvaða áhrif röng upplýsingagjöf af þessu tagi hefur og hvaða úrræðum er hægt að beita af því tilefni, að því gefnu að þeirri vernd sem tilskipun 87/102/EBE veitir, eins og dómurinn skýrir hana, sé ekki stefnt í hættu.**

**Að því gefnu að landsdómstóllinn telji samningsskilmála um verðtryggingu afborgana neytendalánsins sem um ræðir ekki endurspeglar lög eða bindandi stjórnarsýsluákvæði samkvæmt 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/13/EBE eru svörin við eftirfarandi spurningum svohljóðandi:**

**2. Tilskipun 93/13/EBE leggur ekki almennt bann við skilmálum um verðtryggingu lána í samningum milli veitanda og neytanda. Það er landsdómstólsins að meta hvort umræddur skilmáli sé óréttmætur. Matið verður að taka mið af skýringu dómstólsins á hugtakinu „óréttmætur skilmáli“.**

**3. Tilskipun 93/13/EBE takmarkar ekki svigrúm EES-ríkis til þess að ákveða með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum hvaða þættir geti valdið breytingum á fyrirfram ákveðinni vísitölu, á borð við hina íslensku vísitölu neysluverðs, og eftir hvaða aðferðum þær breytingar skuli mældar, að því gefnu að þeim sé lýst með skýrum hætti í samningnum.**

**4. Það er landsdómstólsins að taka afstöðu til þess hvort samið hafi verið sérstaklega um tiltekinn samningsskilmála í skilningi 3. gr. tilskipunar 93/13/EBE.**

**5. Það er landsdómstólsins að meta hvort samningsskilmála um verðtryggingu afborgana af láni skuli teljast hafi verið lýst fyrir neytandanum með skýrum og skiljanlegum hætti. Slíkt mat verður að taka mið af nákvæmu orðalagi viðeigandi samningsskilmála og öllum öðrum aðstæðum, þar á meðal þeirra sem vísað er til í a- og b-hluta**

**fjórðu spurningar landsdómstólsins, auk ákvæða landsréttar um verðtryggingu.**

**6. 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 93/13/EBE verður að túlka með þeim hætti að í þeim tilvikum þar sem landsdómstóll kemst að þeirri niðurstöðu að tiltekinn samningsskilmáli sé óréttmætur samkvæmt tilskipuninni beri þeim dómstól að tryggja að slíkur skilmáli sé óskuldbindandi fyrir neytandann að því gefnu að samningurinn geti haldið gildi sínu að öðru leyti án hins óréttmæta skilmála að því marki sem reglur landsréttar leyfa.**

Carl Baudenbacher

Per Christiansen

Páll Hreinsson

Kveðið upp í heyranda hljóði í Lúxemborg 24. nóvember 2014.

Gunnar Selvik  
Dómritari

Carl Baudenbacher  
Forseti